



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. apríl 2016

**Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018, 638. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, SVP - Samtök verslunar og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar senda umhverfis- og samgöngunefnd sameiginlega umsögn um þingsályktunartillöguna.

Samtökin hafa á undanförunum árum í umsögnum sínum til Alþingis og ráðuneytis um samgönguáætlanir ítrekað lýst áhyggjum vegna ónógs viðhalds samgöngukerfisins.

Samtökin telja afar mikilvægt að vernda þá miklu fjárfestingu sem þegar liggur í samgöngukerfinu og að viðhald þess verði ekki látið sitja á hakanum við skiptingu takmarkaðra fjármuna. Án fullnægjandi viðhalds ganga fastafjármunir hratt úr sér og endurnýjun síðar verður mun dýrari en ella. Nýrra mannvirkja bíða væntanlega sömu örlög. Samtökin óttast að stórkostlegt tjón verði á vegakerfinu ef ekki verður varið meiru til viðhalds en ráð er fyrir gert.

Athugasemdir við tillöguna lýsa þessu vel en á bls. 32 segir um viðhald og þjónustu: „Núverandi fjárveitingar nægja varla til að verja vegakerfið skemmdum og halda uppi viðunandi þjónustu.” Um bundið slitlag segir á sömu síðu „... að ástand slitlags hefur versnað undanfarin ár”. Um malarvegi segir á bls. 33 „... að ástand þessara slitlaga stendur engan veginn undir þeim kröfum sem vegfarendur gera”. Síðar á sömu síðu kemur fram um styrkingar og endurbætur: „Um 2.100 km af stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi uppfylla ekki veghönnunarreglur sem nú er unnið eftir við gerð nýrra vega.” Mikil þörf (bls. 34) er á að endurnýja brýr „vegna aldurs og þess að markar þeirra uppfylla ekki kröfur sem nú eru gerðar til umferðaröryggis”. Um vegmerkingar á sömu síðu segir „nokkuð er í land til að viðunandi geti talist” og á bls 35 kemur fram að „(á)stand vegræsa er víða orðið bágborið”. Um þjónustu segir á bls. 36 „fjárveitingar hafa ekki aukist í takt við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um bættu þjónustu”. Vegna umferðaröryggis „er mjög víða þörf fyrir úrbætur”. Um flugvelli segir svo á bls. 58 að næstu árin verði „svigrúm til viðhalds og framkvæmda óverulegt”. Einnig má benda á að viðhald og þróun hafna og sjóvarna í landinu líður fyrir að stór hluti fjárheimilda hafa farið í að halda Landeyjarhöfn opinni.



Ekki þarf að hafa fleiri orð um þetta og vilja samtökin því skora á Alþingi að bregðast við því sem ekki er hægt að kalla annað en neyðaróp í athugasemdum við samgönguáætlun 2015 – 2018.

Samtökin fagna umfjöllun í athugasemdum við tillöguna um aðkomu einkaaðila og samstarfs þeirra við ríkið (bls. 42 – 43).

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi